

EFTIRLITSSKÝRSLA

Hábrún Skutulsfirði



Dags eftirlits	16.6.2021	Ábyrgðarmaður eftirlits	Hulda Soffía Jónasdóttir
Fyrirtæki	Hábrún	Eftirlitsmaður	Hulda Soffía Jónasdóttir
Heimili	Stekkjargötu 11	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	450314-0640	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Davíð Kjartansson	ÍSAT nr.	03.21.0
Fulltrúi fyrirtækis	Jóhanna Ósk Halldórsdóttir	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö ný frávik komu fram við eftirlitið er snúa að áætlun um rekstrarstöðvun og umhverfismarkmiðum. Þrjár ábendingar eru gerðar v. tilkynninga um útsetningu seiða og skila á ársyfirliti og grænu bókhaldi.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Farið var yfir gögn og áætlanir á skrifstofu rekstraraðila í Hnífsdal og að því loknu farið í vettvangsferð út að kvíum.

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti, frávik og úrbætur
- Farið yfir ákvæði nýs starfsleyfis
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
 - o Kynning á áhættumati 2020 og breytingu á flokkum 2021
- Umfang 2020, áætlað umfang 2021
- Útsetningar, slátrun og hvíld svæða
 - o Tilkynningar um útsetningar sbr. gr. 3.2 í starfsleyfi
- Staðsetning eldissvæða
- Umhverfismarkmið sbr. gr. 2.1 í starfsleyfi
- Vöktunaráætlun og -skýrslur
- Úrgangur, spilliefni og lyf
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna
- Samsetning kvía

Nýtt 700 tonna starfsleyfi Hábrúnar, gefið út af Umhverfisstofnun, tók gildi haustið 2020. Gildistaka þess lokar eldri frávikum vegna staðsetninga eldis og tegundar fisks í eldi, sem höfðu verið skráð í eftirlitum með starfsemi Hábrúnar og Sjávareldis, en við gildistöku starfsleyfisins voru 200 tonna leyfi Hábrúnar og Sjávareldis í Skutulsfirði felld úr gildi.

Þar sem eldri starfsleyfi rekstraraðila voru gefin út af heilbrigðiseftirliti Vestfjarða fór eftirlitsaðili ítarlega yfir ákvæði gildandi leyfis með fulltrúum rekstraraðila.

Farið var yfir áhættumat vegna tíðni eftirlita frá 2020 og breytingar á flokkum í áhættumati ársins 2021 kynntar.

Farið var yfir umfang í eldi. 15. júní voru rúm 120 tonn af fiski á innsta eldissvæði og slátrun úr miðsvæði var nýlega lokið. Framleiðsla ársins 2020 var innan marka starfsleyfis, en 14 kvíar voru í notkun í lok ársins. Búið var að slátra um 140 tonnum á árinu 2021 þegar eftirlitið fór fram en slátrunarstöðvun er fram á haust. Skráningum á lífmassa og framleiðslu hefur verið ábótavant en rekstraraðili heldur einungis utan um lífmasa og fóðrun fisks í FishTalk fyrir seiði sem sett voru út 2019 eða síðar.

Eftirlitsaðili minnti á að rekstraraðili skal tilkynna Umhverfisstofnun um útsetningu með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara, sbr. gr. 3.2 í starfsleyfi. Slátrun á 2019 árgangi lauk í vikunni áður en eftirlitið fór fram og eru því ysta svæði og miðsvæði tóm. Heimilt er að setja seiði út í ysta svæðið seint í haust, en í miðsvæði um miðjan júní 2022. Stofnunin minnir þó á að skv. gr. 3.2 er einungis heimilt að ala fisk á tveimur svæðum í einu og skal það þriðja hvílt á meðan, í að lágmarki 12 mánuði. Þegar eftirlitið fór fram var verið að setja út fisk í kvíar sem áttu að fara á innsta svæði, einnig árgangur 2020.

Umhverfismarkmið, sbr. gr. 2.1 í starfsleyfi voru ekki til staðar og er því skráð frávik þess efnis. Eftirlitsaðili fór yfir markmið umhverfismarkmiða og kosti mælanlegra markmiða ásamt því að senda í kjölfar eftirlits leiðbeiningar um

umhverfismarkmið og dæmi um þau.

Einnig sendi eftirlitsaðili í kjölfar eftirlits leiðbeiningar v. áætlunar um tímabundna eða varanlega rekstrarstöðvun, sbr. gr. 1.5 í starfsleyfi. Slík áætlun skal vera til staðar en rekstraraðili hafði ekki útbúið hana. Einnig er skráð frávik þess efnis.

Umhverfismarkmið og áætlun um rekstrarstöðvun bárust stofnuninni 9. ágúst sl.

Í gildi er vöktunaráætlun RORUM fyrir rekstraraðila frá 2019. Sýni voru tekin í júlí 2019 og september 2020 og bárust vöktunarniðurstöðurnar 30. apríl sl.

Farið var yfir úrgangsfarvegi, bæði v. dauðfisks, fóðursekkja og úrgangsolíu og annarra spilliefna. Dauðfiskur fer í urðun, en rekstraraðili er bent á að huga að því að finna endurnýtingarfarveg fyrir hann ef hægt er, þar úrgangsstefna stjórnvalda snýr m.a. að því að takmarka urðun lífræns úrgangs. Rekstraraðili er ekki með olúgeymi eða geymslu á neinum öðrum efni en þeim sem eru um borð í vinnubátum og í notkun þar.

Samsetning kvía fór fram á Suðurtanga á Ísafirði og voru þær settar saman af Akvaplast. Allur úrgangur sem féll til fór skv. rekstraraðila til Gámabjónustu Vestfjarða, nú Terra. Engar kvartanir hafa borist v. úrgang frá samsetningunni, en Umhverfisstofnun bendir á að mikilvægt er að hindra að plastsvarf og afskorningar endi í sjónum við framkvæmdina. Eftirlitsaðili fór á Suðurtanga 13. júlí sl. og varð var við talsvert af plastsvarfi við gamla kvíahringi sem tilheyrir Sjávareldi/Hábrún sem er hægt að rekja til samsetningar kvíahringja. Stofnunin óskaði því eftir því við rekstraraðila að farið yrði á svæðið þar sem samsetning kvíahringja Hábrúnar fór fram og svæðið hreinsað. Skv. upplýsingum frá rekstraraðila þann 9. ágúst sl. fóru starfsmenn Hábrúnar á svæðið í júlí og hreinsuðu upp plast sem mætti rekja til samsetningar kvíahringja.

Rekstraraðili skilaði ekki ársyfirliti eða grænu bókhaldi fyrir 1. maí sl. en gögnum var skilað 24. júní sl. Nýtt starfsleyfi sem kveður á um skil gagnanna tók gildi í lok árs 2020. Ábendingar eru því gerðar vegna skila framvegis og skal rekstraraðili ganga úr skugga um að fullnægjandi ársyfirliti og umhverfisupplýsingum verði skilað fyrir 1. maí nk. vegna ársins 2021. Sjá frekari leiðbeiningar og gátlistaform fyrir færslu græns bókhalds á vefsíðu Umhverfisstofnunar.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
gr. 1.5 í starfsleyfi	Rekstraraðili skal hafa til staðar áætlun til að úrgangi, efnum, búnaði og rekstrarsvæði verði ráðstafað á viðurkenndan hátt komi til tímabundinnar eða varanlegrar rekstrarstöðvunar. Slík áætlun lá ekki fyrir við vettvangsheimsókn. Viðbragðsáætlun vegna rekstrarstöðvunar var skilað 9. ágúst sl. og er frávikin því lokað.
gr. 2.1 í starfsleyfi	Rekstraraðili skal setja sér umhverfismarkmið og starfa eftir þeim. Skulu þau endurkoðuð á a.m.k. fjögurra ára fresti. Umhverfismarkmið rekstraraðila lágu ekki fyrir við vettvangsheimsókn. Umhverfismarkmiðum var skilað 9. ágúst sl. og er frávikin því lokað.

ÁBENDINGAR

Rekstraraðili var minntur á að senda framvegis tilkynningu um áætlaða útsetningu seiða með a.mk. tveggja vikna fyrirvara, sbr. gr. 3.2 í starfsleyfi. Einnig þurfa þá að liggja fyrir upplýsingar um ástand eldissvæðisins út frá vöktun.

Nýtt starfsleyfi tók gildi í lok árs 2020, en stofnunin bendir á að rekstraraðili skuli skila umhverfisupplýsingum sbr. gr. 4.3 í starfsleyfi (nú grænt bókhald sbr. reglugerð nr. 851/2002 um grænt bókhald) fyrir 1. maí ár hvert vegna undangengins almanaksárs.

Stofnunin bendir einnig á að ársyfirliti sem tekur til skráninga og vöktunarniðurstaðna undangengins árs skal skilað fyrir 1. maí ár hvert.

ANNAÐ


Jón Halldór Pálmason stöðvarstjóri sigldi með eftirlitsmann út að kvíum í skoðunarferð.

Vinnslustjóri Hábrúnar var einnig viðstaddur fund á skrifstofu í Hnífsdal.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 10.08.2021



Hulda Soffía Jónasdóttir

